

Rekstrarvörur ehf.
Réttarhálsi 2
110 Reykjavík

Reykjavík, 14. júlí 2022
UST202204-057/F.K.
07.05.02

Niðurstaða eftirlits – Hættulegar vörur til þrifa og viðhalds bifreiða - Kröfur um úrbætur

Umhverfisstofnun vísar í bréf stofnunarinnar til Rekstrarvara ehf., dagsett þann 11.4.2022 þar sem tilkynnt var um eftirlit með efnavörum, nánar tiltekið hættulegum vörum til þrifa og viðhalds bifreiða, sbr. hlutverk Umhverfisstofnunar með framkvæmd efnalaga nr. 61/2013. Eftirlitið fór fram sama dag og var einnig kynnt í tölvupósti til fyrirtækisins.

Markmið eftirlitsins er að kanna hvort flokkun og merkingar vörunnar sem féll undir umfang eftirlits væri í samræmi við núgildandi reglugerðir og hvort umbúðir vörunnar uppfylli kröfur reglugerðar nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna sem innleiðir CLP og reglugerð nr. 300/2014 um þvotta- og hreinsiefni. Einnig var skoðað hvort öryggisblöð fyrir vöruna samræmist kröfum reglugerðar nr. 888/2015 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH).

Eftirfarandi vara sem fellur undir umfang eftirlitsins var skoðuð hjá fyrirtækinu:

Vara	Strikamerki
RV tjörusápa (5 L)	5690536999050 (Vörunr. 999 05)

Frávik frá gildandi reglum sem fram komu í eftirlitinu eru tilgreind í meðfylgjandi eftirlitsskýrslu.

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt efnalögum er óheimilt að markaðssetja vörur sem ekki uppfylla kröfur þeirra um merkingar efna og efnablandna í samræmi við hættuflokkun þeirra sbr. 3. mgr. 32. gr.

Umhverfisstofnun veitir Rekstrarvörum ehf. frest til 5.9.2022 til að senda stofnuninni uppfærð öryggisblöð á íslensku eða ensku í samræmi við kröfur í II. viðauka við REACH. Einnig skal senda upplýsingar og rökstuðning flokkunar á hættulegum efnum í efnablöndunni og í kjölfar endurmats flokkunar, senda uppfærða merkimiða fyrir vöruna RV tjörusápu m.t.t hættumerkja, hættusetninga og viðvörunarorða ásamt því að senda mynd af vörunni með ápreifanlega viðvörum (ef við á) í samræmi við flokkun skv. reglugerð nr. 415/2014 um flokkun, merkingar og umbúðir efna og efnablandna og reglugerð nr. 300/2014 um þvotta- og hreinsiefni.

Sendu skal staðfestingu á úrbótum með tölvupósti á opinbert netfang stofnunarinnar, ust@ust.is, merkt málnúmerinu UST202204-057

Jafnfram er gerð sú krafa að vörur á sölustað verði endurmerktar með uppfærðri merkingu þegar hún liggur fyrir og hefur verið staðfest af Umhverfisstofnun.

Umhverfisstofnun veitir Rekstrarvörum ehf. hér með frest til 29.8.2022 til þess að koma sjónarmiðum sínum á framfæri, sbr. 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Vakin er athygli á því að í samræmi við 5. mgr. 49. gr. efnalaga mun Umhverfisstofnun birta á vefsetri sínu upplýsingar um niðurstöður eftirlits og til hvaða úrræða stofnunin hefur gripið jafnóðum og ákvarðanir um slíkt liggja fyrir. Bréf þetta og meðfylgjandi eftirlitsskýrsla verða birt á vefsetri stofnunarinnar 29.8.2022. Telji fyrirtækið að efni í bréfinu eða eftirlitsskýrslunni varði hagsmuni sem njóta eigi leyndar skal fyrirtækið tilkynna um það til Umhverfisstofnunar með rökstuðningi fyrir 29.8.2022.

Umhverfisstofnun vekur einnig athygli á því að samkvæmt XIII. kafla efnalaga er stofnuninni heimilt að beita þvingunarúrræðum til að knýja á um framkvæmd ráðstöfunar samkvæmt lögnum, til að mynda með áminningu sbr. 55. gr., álagningu dagsekta sbr. 56. gr. og stöðvun markaðssetningar sbr. 57. og 58. gr.

Jafnframt er vakin athygli á því að samkvæmt gjaldskrá fyrir verkefni og þjónustu Umhverfisstofnunar nr. 535/2015 innheimtir stofnunin tímagjald vegna eftirfylgni eftirlits og beitingar þvingunarúrræða, sbr. 30 gr. gjaldskrárinnar.

Upplýsingar um öryggisblöð <https://ust.is/atvinnulif/efni/oryggisblod/>, flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna <https://ust.is/atvinnulif/efni/flokkun-merking-og-umbudir/> og þvotta- og hreinsiefni <https://ust.is/atvinnulif/efni/thvotta-og-hreinsiefni/> er að finna á heimasíðu Umhverfisstofnunnar.

Fyrirtækinu er velkomið að leita til sérfræðinga stofnunarinnar í síma 591-2000 eða í gegnum netföng Fífu Konráðsdóttur fifa.konradsdottir@umhverfisstofnun.is, Ísaks Sigurjóns Bragasonar isak.sigurjon.bragason@umhverfisstofnun.is og Bergdísar Bjarkar Bæringsdóttur bergdis.bjork.baeringsdottir@umhverfisstofnun.is til að fá nánari upplýsingar varðandi þau frávík sem málið snýst um og leiðir til úrbóta.

Virðingarfyllt

Fífa Konráðsdóttir,
sérfræðingur

Bergdís Björk Bæringsdóttir,
sérfræðingur

Meðfylgjandi: Eftirlitsskýrsla